

Lykiltölur sveitarfélaga 2022



Urðum við skilvísari greiðendur í Covid?

Á hverju ári tökum við hjá Motus saman skýrslu um greiðsluhraða hjá sveitarfélögunum og berum saman við aðra geira. Skýrslan er gefin út í tengslum við Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna með það að markmiði að sveitarfélögin geti fengið betri innsýn í og dýpri skilning á kröfustýringu.

Covid faraldurinn hafði mikil og víðtæk áhrif á samfélag okkar og gætir þeirra áhrifa enn að miklu leyti. Ein afleiðing faraldursins kom okkur sem störfum í kröfustýringu hins vegar mjög, en ánægjulega, á óvart. Mörg óttuðumst við að efnahagslegur samdráttur vegna Covid myndi þýða að skuldarar ættu í

meiri erfiðleikum með að standa í skilum en áður. Raunin varð hins vegar sú að bæði fólk og fyrirtæki virðast hafa staðið betur í skilum en nokkurn tíma fyrr.

Greiðsluhraði jókst mjög mikið milli árana 2020 og 2021, bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum, og hefur aldrei verið betri. Milli árana 2021 og 2022 stendur greiðsluhraði nokkurn veginn í stað hjá einstaklingum, en í maí og júní eru vísbendingar um að það dragi úr greiðsluhraða fyrirtækja. Hvort þetta sé örlítið hökt eða hvort það verði áframhaldandi lækkun á greiðsluhraða er erfitt að segja til um, en við fylgjumst vel með.

Virk kröfustýring fyrir sveitarfélög

Hjá Motus starfar hópur sérfræðinga sem sérhæfir sig í þjónustu og ráðgjöf til sveitarfélaga, sem veitir ráðgjöf um aðgerðir og skilvirka kröfustýringu. Auk þess að rýna greiðsluhraða og gefa út árlega skýrslu um þróun hans gerum við samanburðarskýrslur og sértækar greiningar fyrir sveitarfélög eftir óskum.

Við hvetjum ykkur til að hafa samband við okkur fyrir lykiltölur þíns sveitarfélags eða ráðgjöf varðandi aðgerðir sem eru líklegar til að bæta kröfustýringu sveitarfélagsins. Sérfræðingar okkar taka vel á móti þér.

Vilhjálmur Karl Norðdahl
Viðskiptastjóri sveitarfélaga
vilhjalmur@motus.is

Auður Ólafsdóttir
Viðskiptastjóri sveitarfélaga
auduro@motus.is

Þorsteinn Júlíus Árnason
Vörustjóri innheimtu
thorsteinnj@motus.is

Anna María Ingbórsdóttir
Sérfræðingur í vörustýringu
anna.maria@motus.is


Hvað er greiðsluhraði?

Greiðsluhraði er mælikvarði sem Motus notar til að greina þróun innheimtu og veita viðskiptavinum sínum góðar upplýsingar um heildarárangur.

Mælikvarðinn byggir á öllum stofnuðum kröfum hvers viðskiptavinar og er greiðsluhraði mældur út frá því hversu hratt kröfur greiðast, þ.e. hversu hátt hlutfall stofnaðra krafna er greitt á tilteknum tímapunktum. Eftir því sem hlutfallið hækkar eykst greiðsluhraði og er því jákvætt að greiðsluhraði sé mikill.

Allir viðskiptavinir Motus hafa aðgang að greiðsluhraðayfirliti á viðskiptavef Motus. Í yfirlitinu er greiðsluhraði mældur annars vegar út frá fjölda krafna og hins vegar út frá upphæð höfuðstóls. Skýrslan veitir kröfuhöfum góða sýn á það hvernig þeir standa miðað við heildina, því hægt er að taka út samanburðartölur við atvinnugreinar.

Greiðsluhraði er byggður á gögnum u.þ.b. 400 viðskiptavina Motus, sem sótt voru í kröfupott í september. Á fyrri helmingi ársins 2022 voru stofnaðar rúmlega 6,7 milljónir krafna og upphæð þeirra var um 385,4 milljarðar.



Greiðsluhraði og Covid

Áhrif Covid á greiðsluhraða komu okkur verulega á óvart.

Flestir töldu að efnahagslegur samdráttur vegna Covid hefði þau áhrif að skilvísi greiðenda minnkaði – fólk myndi greiða skuldir sínar síðar en áður.

Raunin varð hins vegar allt önnur og kröfur greiddust almennt fyrr og vanskil minnkuðu.




Hefur greiðsluhraði náð jafnvægi?

Árið 2021 náði greiðsluhraði nýjum hæðum og hafði Covid þar mikil áhrif. Áhrifanna fór strax að gæta árið 2020 og voru þau mest fremst í ferlinu, þ.e. á eindaga og tíu dögum eftir eindaga.


Árið 2021 náðu áhrifin lengra inn í ferlið. Hjá sveitarfélögum voru áhrifin lengur að koma fram og ekki hægt að greina þau fyrr en árið 2021. Ekki er að sjá miklar breytingar milli árána 2021 og 2022 sem er vísbending um að toppnum sé náð.

Nú er spurningin sú, hvort Covid áhrifin verði varanleg og ákveðið jafnvægi sé komið á greiðsluhraða eða hvort einhver lækkun verði á honum á næstu misserum.

GREIÐSLUHRADI ALLRA VIÐSKIPTAVINA MOTUS



GREIÐSLUHRADI SVEITARFÉLAGA




Meðalgreiðsluhraði fyrstu sex mánuði árána 2019-2022

Rýnum nánar í áhrifin

Greiðsluhegðun Íslendinga hefur breyst mikið síðustu ár. Fram til ársins 2020 jókst greiðsluhraði jafnt og þétt. Greiðsluhraði hélt áfram að aukast eftir árið 2020, en með mun meiri krafti. Þessa hraðaaukningu má rekja beint til áhrifa af Covid.

Á línuritinu hér til hliðar má sjá þróun á greiðsluhraða á eindaga og 30 dögum eftir eindaga. Einnig má sjá spá á greiðsluhraða út frá árunum 2017-2019. Þar er gert ráð fyrir að greiðsluhraði hefði aukist áfram í takt við síðustu ár. Þrátt fyrir að spáin geri ráð fyrir töluverðri aukningu á greiðsluhraða, varð raunin sú að greiðsluhraði fór langt yfir spána.

ÞRÓUN Á GREIÐSLUHRADA




Minni áhrif hjá sveitarfélögum

Þegar rýnt er sérstaklega í greiðsluhraða útgefna krafna af sveitarfélögum sést að greiðsluhraði er á uppleið. Þessi miklu áhrif af Covid sjást hins vegar ekki jafn augljóslega eins og þegar heildin er skoðuð.

Á eindaga má greina árstíðabundnar sveiflur í greiðsluhraða sveitarfélaga. Það dregur verulega úr greiðsluhraða í kringum áramót, en á þeim tíma er alla jafna ekki verið að gefa út kröfu vegna fasteignagjalda. Eftir árið 2019 dregur úr þessum sveiflum. Ástæða þess gæti verið sú að greiðsluhraði fasteignagjalda hefur alltaf verið mun meiri en greiðsluhraði annarra krafna frá sveitarfélögum. Covid hafi því haft hlutfallslega meiri áhrif á aðrar kröfur. Þó áhrifin hafi verið minni hjá sveitarfélögum, en öðrum viðskiptavinum Motus má greina þau árið 2021 þar sem raun er aðeins yfir spánni.

ÞRÓUN Á GREIÐSLUHRADA




Almennar kröfur greiðast nú jafn hratt og kröfur sveitarfélaga

Fyrir Covid var greiðsluhraði sveitarfélaga á eindaga mun meiri en greiðsluhraði annarra viðskiptavina Motus.

Þar vógu fasteignagjöld þungt, því greiðsluhraði þeirra hefur almennt verið góður. Fólk hefur sett þau gjöld í ákveðinn forgang.

Greinileg kaflaskil eiga sér stað í byrjun árs 2020. Þá fer fólk að greiða aðrar kröfur jafn hratt og kröfur frá sveitarfélögum. Í dag eru því kröfur sveitarfélaga nánast á pari við kröfur annarra viðskiptavina Motus.

GREIÐSLUHRADI Á EINDAGA



Ógreiddum kröfum fer enn fækkandi hjá sveitarfélögum

Það er ákveðið áhyggjuefni að sjá að á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 hefur ógreiddum kröfum fjölgað aðeins hjá viðskiptavinum Motus öðrum en sveitarfélögum. Það jákvæða er þó að ógreiddum kröfum sveitarfélaga fer enn fækkandi.

Hugsanlega ræður þar einhverju að hærra hlutfall krafna sveitarfélaga er á einstaklinga en ekki fyrirtæki, en við höfum séð merki þess að aðeins sé farið að hægja á greiðsluhraða fyrirtækja á meðan greiðsluhraði einstaklinga hefur haldið sér.

Eftir gríðarlega fækkun á ógreiddum kröfum milli ára 2020–2021, er þeim aðeins farið að fjölga aftur.

Milli ára 2020 og 2021 jókst **greiðsluhraði** um **2,8** prósentustig. Þessi breyting þýðir að **ógreiddum kröfum** á eindaga **fækkaði** um **18,8%**.

Það er að því gefnu að fjöldi útgefna krafna hafi verið óbreyttur milli ára.

Milli ára 2021 og 2022 dró aðeins úr **greiðsluhraða** og hann **lækkaði** um **0,1** prósentustig. Á þessum tíma **fjölgaði ógreiddum kröfum** um **0,5%**

Eftir mikla aukningu á greiðsluhraða sveitarfélaga milli árana 2020 og 2021 er aðeins að draga úr aukningunni.

Greiðsluhraði jókst um **2,4** prósentustig frá árinu 2020-2021 og svo um **0,2** prósentustig frá árinu 2021-2022.

Ógreiddum kröfum á eindaga fækkaði um **17%** milli árana 2020-2021 og **1,5%** frá árinu 2021-2022.

Einnig má sjá miklar breytingar **30 dögum eftir eindaga**. Á þeim tímavarki **fækkaði ógreiddum kröfum** um **30,7%** frá árinu 2020-2021 og svo um **3,2%** frá árinu 2021-2022.


Greiðsluhraði er mestur á Norðurlandi eystra

Á eindaga er greiðsluhraði mestur á Norðurlandi eystra og minnstur á Suðurlandi. Sama staða er uppi 30 dögum eftir eindaga, þ.e. mesti greiðsluhraðinn á Norðurlandi eystra og minnsti á Suðurlandi.


Á eindaga jókst greiðsluhraði mest á Austurlandi eða um 0,7 prósentustig. Á þessum tímapunkti dró mest úr greiðsluhraða á Norðurlandi vestra og Suðurlandi eða um 0,3 prósentustig.

Mesta breytingin 30 dögum eftir eindaga var á Vestfjörðum þar sem greiðsluhraði jókst um 0,2 prósentustig.

GREIÐSLUHRÁÐI Á EINDAGA



GREIÐSLUHRÁÐI Á 30 DÖGUM




Meðalgreiðsluhraði fyrstu sex mánuði árána 2021-2022

Einstaklingar og fyrirtæki


Skýr munur er á einstaklingum og fyrirtækjum þegar þessir hópar eru bornir saman út frá fjölda krafna annars vegar og heildarfjárhæð krafna hins vegar.

Einstaklingar eiga 75% af útgefnum kröfum viðskiptavina Motus. Af útgefnum kröfum sveitarfélaga eiga þeir 82%. Kröfur á einstaklinga eru hins vegar mun lægri en kröfur á fyrirtæki og eiga því fyrirtækin stærri hluta af kökunni þegar skiptingin er skoðuð út frá upphæð krafna.


FJÖLDI KRAFNA SVEITARFÉLAGA




FJÖLDI KRAFNA VIÐSKIPTAVINA MOTUS



UPPHÆÐ KRAFNA SVEITARFÉLAGA



UPPHÆÐ KRAFNA VIÐSKIPTAVINA MOTUS



Tölur út frá fyrstu sex mánuðum ársins 2022


FYRIRTÆKI EINSTAKLINGAR

Greiðsluhraði fyrirtækja fer minnkandi


Eins og áður segir jókst greiðsluhraði mjög mikið á milli árunna 2020 og 2021, bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Greiðsluhraðinn stóð nokkurn veginn í stað á milli 2021 og 2022 hvað einstaklinga varðar, en í maí og júní á þessu ári virðist vera að draga úr greiðsluhraða fyrirtækja.

Hvort um sé að ræða tímabundið hökt eða hvort áfram muni hægja á greiðsluhraða á þessu ári er erfitt að segja til um að svo stöddu, en við munum fylgjast náið með þessari þróun.


GREIÐSLUHRADI EINSTAKLINGA Á EINDAGA



GREIÐSLUHRADI EINSTAKLINGA 10 DÖGUM EFTIR EINDAGA




GREIÐSLUHRADI EINSTAKLINGA 30 DÖGUM EFTIR EINDAGA




2020 2021 2022


GREIÐSLUHRADI FYRIRTÆKJA Á EINDAGA



GREIÐSLUHRADI FYRIRTÆKJA 10 DÖGUM EFTIR EINDAGA



GREIÐSLUHRADI FYRIRTÆKJA 30 DÖGUM EFTIR EINDAGA



Um Motus

Motus er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar og innheimtu fyrir fyrirtæki, sveitarfélög, lífeyrissjóði og opinbera aðila. Hjá Motus starfar fjölbreyttur hópur um 100 sérfræðinga á fjölmörgum sviðum um land allt.

Motus býður heildarlausn í innheimtu fyrir sveitafélög og þjónar 70% íslenskra sveitafélaga. Við veitum framúrskarandi aðgengi fyrir greiðendur með sjálfsafgreiðslu á greiðendavef og víðu neti útibúa.

Hlutverk Motus er að stuðla að hreyfingu fjármagns með skilvirkni að leiðarljósi og hjá fyrirtækinu er leitast við að finna nýjar leiðir til að gera kröfustýringu sem besta. Móðurfélag Motus er Greiðslumiðlun Íslands, stærsta fyrirtæki á Íslandi í dag á sviði kröfustýringar.

